

Miðvikudaginn 11. mars 1992.

Nr. 198/1991. **Kristinn Breiðfjörð Eiríksson og Þórir Jensen**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

**Lögfræðiskrifstofu Þórólfs Kr. Beck hrl.,
Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og
Tómasar H. Heiðar lögfr.**

(Þórólfur Kr. Beck hrl.).

Áskorunarmál. Aðför. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1991. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda samkvæmt hinni áfrýjuðu árituðu áskorunarstefnu og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti. Kristinn Breiðfjörð Eiríksson gerir einnig þá kröfu, að eftirfarandi fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur í málinu A-1412/1991 verði úr gildi felld.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest og áfrýjendur greiði sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess jafnframt, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjandi Kristinn Breiðfjörð Eiríksson greiði málskostnað, að því er þá kröfu varðar.

I.

Mál þetta er höfðað af stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur með ákorunarstefnu gegn áfrýjendum persónulega og fyrir hönd Hagbæjar sf. og þeim Jónínu Höllu Sigmarsdóttur, Guðmundi Blöndal og Gunnari H. Blöndal. Gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndu yrði gert in solidum að greiða sér skuld, að fjárhæð kr. 509.131,99, auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Í stefnu segir meðal annars svo: „Skuld þessi er samkvæmt skuldabréfi, út gefnu þann 29.9.1989 af stefndu, Jónínu Höllu Sigmarsdóttur, til Hagbæjar sf. og tryggðu með veði í bifreið

hennar, G-26810, Daihatsu Charade, árg. 1988 (fnr. JT 556), og sjálfskuldarábyrgð stefndu Guðmundar Blöndal og Gunnars H. Blöndal. Skuldabréfið var framselt af Hagbæ sf. þann 12.10. 1989. Sama dag tókst Bílaborg hf. á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni, en þar sem bú félagsins hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, eru ekki gerðar kröfur á hendur því í máli þessu. Skuldabréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 530.000,- sem greiða átti með 30 mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti þann 05.11. 1989. Skuldabréfið er bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitöluna 2584 stig. Samkvæmt ákvæði í skuldabréfinu breytist höfuðstóll skuldarinnar í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Samkvæmt ákvæði í skuldabréfinu ber það 8,5% ársvexti. Skuldabréfið, sem er í eigu og handhöfn stefnanda, er í vanskilum frá gjalddaga þess þann 05.03. 1990.“

Málið var þingfest á bæjarþinginu 6. september 1990, en enginn stefndu í héraði sótti þing. Málið var tekið til áritunar 10. janúar 1991, en endurupptekið að ósk stefnanda í héraði 17. janúar, og var þá lagt fram svohljóðandi umboð:

„Hér með veitir Íslandsbanki hf. Lögfræðiskrifstofu Þórólfs Kristjáns Beck hrl., Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og Tómasar H. Heiðar lögfr., Bolholti 4, Reykjavík, umboð til að innheimta skuldabréf nr. 1573, að fjárhæð kr. 530.000,-, útgefið þann 29.09. 1989 af Jónínu Höllu Sigmarsdóttur til Hagbæjar sf., en framselt þann 12.10. 1989 af því félagi til Iðnaðarbanka Íslands hf. (nú Íslandsbanki hf.).

Reykjavík, 14.01. 1991

F.h. Íslandsbanka hf.

Jón G. Briem hdl. (sign.).“

Málið var að svo búnu tekið til áritunar að nýju og áskorunarstefnan árituð um aðfararhæfi af Bergþóri Magnússyni, fulltrúa yfirborgardómara, 5. febrúar 1991. Áritunin er svohljóðandi: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 81.000,- í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknast frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga.“

II.

Stefndi sendi borgarfógetaembættinu fjárnámsbeiðni, dags. 7. febrúar 1991, ásamt hinnari árituðu áskorunarstefnu. Þar var fjárnámsbeiðandi tilgreindur Flugleiðir hf., en fjárnámsþolar Gunnar H. Blöndal, og/eða Kristinn B. Eiríksson og/eða Þórir Jensen. Fógetaréttur var settur að Ægisíðu 76 mánudaginn 11. febrúar 1991 af fulltrúa yfirborgarfógeta. Bókað var, að fyrir væri tekið málið nr. A 764/1991: Flugleiðir hf. gegn Þóri Jensen, og gert fjárnám í eignarhluta hans í Ægisíðu 76. Endurrit gerðarinnar var mótttekið til þinglýsingar 4. mars s. á., en var vísað frá þinglýsingu með áritun þess efnis, að Svava Jensen hefði orðið eigandi eignarinnar með afsali, þinglýstu 1. mars 1991.

Stefndi sendi borgarfógetaembættinu aðra fjárnámsbeiðni, dags. 10. mars 1991, og var hún árituð „Endurupptaka“. Fulltrúi yfirborgarfógeta setti fógetarétt Reykjavíkur á heimili Kristins B. Eiríkssonar að Fremristekk 11 mánudaginn 11. mars og tók fyrir málið A 1412/1991: „Lögfræðiskrifstofa ÞKB, FÖF og THH gegn Kristni B. Eiríkssyni“. Var þar bókað meðal annars.:

„Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðrún Finnbjarnardóttir. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt. Hinn 11. febrúar sl. var í fógetarétti Reykjavíkur gert fjárnám hjá áritunarþola í sama máli, Þóri Jensen. Gert var fjárnám í Ægisíðu 76, en því vísað frá þinglýsingu, þar sem gerðarþoli var ekki þinglýstur eigandi.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola í Fremristekk 11.“

III.

Nýtt skjal hefur verið lagt fram í Hæstarétti, en það er svohljóðandi yfirlýsing Vals Ásgeirssonar f.h. Flugleiða hf. og Jóns G. Briem hrl. f.h. Íslandsbanka hf., dagsett 27. september 1991:

„Það staðfestist hér með að Flugleiðir hf., ... eru eigandi skuldabréfs, útg. 29.09.1989 af Jónínu Höllu Sigmarsdóttur til Hagbæjar sf. ...

Flugleiðir staðfesta, að Lögfræðiskrifstofa Þórólfs Kristjáns Beck hrl., Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og Tómasar H. Heiðar lögfr. hafði fullt umboð til að innheimta skuldabréfið, m.a. með málshöfðun í nafni skrifstofunnar.

Þá staðfestir undirritaður Jón G. Briem hrl. fyrir hönd Íslandsbanka hf. að hafa veitt lögfræðiskrifstofunni í ljósi upplýsinga um framangreind málsatvik pro forma umboð til að innheimta skulda-bréfið, þar sem bréfið að forminu til var á nafni bankans.“

IV.

Ekki er dregið í efa, að áfrýjendum hafi verið löglega stefnt í héraði og að þeim hafi verið kunnugt um málsóknina. Áttu þeir kost á að bera fram kröfur sínar og málsástæður í héraði, og verður þeim því ekki komið að í Hæstarétti samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Verður málið, að því er hina áfrýjuðu áritun varðar, dæmt í því horfi, sem það lá fyrir héraðsdómara.

Á skuldabréfi því, sem mál þetta er byggt á, var upphaflegur kröfuhafi Hagbær hf., en á bréfinu er framsal frá því félagi til Iðnaðarbanka Íslands hf., dagsett 12. október 1989. Ber bréfið ekki með sér, að það hafi verið framselt síðar.

Við þingfestingu málsins í héraði var lögð fram skilagrein frá Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, vegna innheimtu skuldabréfsins, og er kröfueigandi þar talinn vera „Lögfræðiskrifst Þ. Beck/F.A.F. sf“. Einnig var lagt fram innheimtubréf frá stefnda vegna sama skuldabréfs, þar sem kröfueigandi var talinn Flugleiðir hf., og málskostnaðarreikningur, þar sem sama félag var talið stefnandi. Loks var, sem fyrr segir, lagt fram umboð Íslandsbanka hf. til stefnda til innheimtu á kröfunni.

Í héraðsdómsstefnu var stefndi talinn handhafi og eigandi margnefnds skuldabréfs. Framlögð gögn af hálfu stefnda voru mjög misvísandi um það, hver væri hinn raunverulegi kröfuhafi. Eins og málið lá fyrir héraðsdómara, stangaðist málsreifun stefnda svo augljóslega á við skuldabréfið sjálft og önnur fram lögð gögn, að dómari mátti ekki árita áskorunarstefnuna um aðfararhæfi samkvæmt 233. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hina áfrýjuðu áritun, hvað áfrýjendur varðar, og vísa kröfum stefnda á hendur þeim frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber einnig að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun er felld úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi, að því er áfrýjendur varðar.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Lögfræðiskrifstofa Þórólfs Kr. Beck hrl., Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og Tómasar H. Heiðar lögfr., greiði áfrýjendum, Kristni Breiðfjörð Eiríkssyni og Þóri Jensen, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
